

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslu- 58**  
mannsins í Suður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar. 27. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 27. f. m., og beiðni hreppsnefndar Norðurfjarðarhrepps, staðfestir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt í símskeyti, dags. 24. þ. m., um að þingstaður hreppsins, sem verið hefir sameiginlegur með Neshreppi í Nesi, verði eftirleiðis að Skorrastað, þar sem Neshreppur hefir nú fengið kaupstaðarréttindi samkvæmt lögum nr. 48 frá 1828.

Hreppsnefndinni ber að sjá um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghalda.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til 59**  
lögreglustjóranna, dags. 19. júlí 1929, um eftirlit með erlend-<sup>19. júlí</sup>  
um fiskiskipum hér við land.

Í lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi 3. gr., „er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi“.

Hvenær brot telst framið af hálfu erlends skips gegn þessum ákvæðum getur í mörgum tilfellum verið álitamál, og oft og tíðum undir því komið hver viðskifti við land hafa átt sér stað að undanfögnu frá því skipi, sem um er að ræða í hvert skifti. Sérstaklega á þetta við um aflasölu hér við land frá erlendum fiskiskipum. Enda mun það hafa komið fyrir að erlend skip hafa selt hvað eftir annað veiði á höfnum sitt í hverju umdæmi á sama veiðitíma, þótt ekki hafi kveðið mikið að því að þau hafi selt oftar en einu sinni í hverju umdæmi fyrir sig.

Ráðuneytinu þykir því rétt að gjöra ráðstafanir til að afla upplýsinga frá lögsagnarumdæmum landsins um athafnir erlendra skipa um aflasölu þeirra hér við land, svo yfirlit fáist um hvert einstakt skip að þessu leyti.

Því er hérmeð lagt fyrir yður, herra lögreglustjóri, að senda

**59** atvinnumálaráðuneytinu símskeyti í hvert sinn sem erlent fiskiveiðaskip tekur höfn í umdæmi yðar til þess að selja þar afla sinn.

Í símskeytinu skal standa:

1. Nafn skipsins, einkennismerki og þjóðerni.
2. Heimili skipsins.
3. Nafn skipstjóra.
4. Hve mikinn afla og hverskonar afla sé ætlunin að selja og hvort það sé allur aflinn, sem í skipinu er, eða hve mikill hluti hans.
5. Hvort seldur hafi verið áður hér á landi afli af skipinu, og þá hvar og hvenær.
6. Hvenær skipið hafi síðast farið frá útlöndum.

Eruð þér beðinn að leggja fyrir hreppstjóra, eða eftir því sem við á, umboðsmenn yðar á höfnum í umdæmi yðar, að athuga svo fljótt sem auðið er eftir að erlent fiskiskip hefir hafnað sig á hlutað-eigandi höfn, skjöl skipsins og rannsaka sérstaklega hvort tilætlun sé að selja afla úr skipinu þar í land, og ef svo er, athuga hvort skipið hefir áður selt afla hér á landi og hvenær. Reynist það, að afla eigi að selja, ber hreppstjóra eða umboðsmanni að senda yður símleiðis tafarlaust tilkynning um það sem nauðsynlegt er til að þér getið sent ráðuneytinu framangreint símskeyti án tafar.

Ennfremur er hérmeð brýnt fyrir yður, að rita á skipshafnar-skrá erlends fiskiskips, í hvert sinn sem það leitar hafnar (sbr. lög nr. 33. 1922, 4. gr.), og geta þess sérstaklega í árituninni, hvort það hafi þá selt afla. Þetta eruð þér einnig beðinn að leggja fyrir hreppstjóra, eða eftir því sem við á, umboðsmenn yðar á höfnum í umdæmi yðar.

Það skal tekið fram, að dönsk og færeysk fiskiskip teljast ekki til erlendra fiskiskipa í þessu bréfi.

**60** **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups,**  
9. sept. **um skiftingu Holtssóknar í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi í tvær sóknir.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun héraðsfundar Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hérmeð, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 19. ágúst þ. á., og með skírskotun til laga nr. 45, 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til að núverandi Holtssókn í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi